

Áhyggjur foreldra vegna skjánotkunar barna

Malen Björg Jónsdóttir

Sólveig Helga Hjarðar

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

BA gráðu í sálfræði

Sálfræðideild
Maí 2021

Áhyggjur foreldra vegna skjánotkunar barna

Malen Björg Jónsdóttir
Sólveig Helga Hjarðar

12 eininga lokaverkefni
sem er hluti af
Bachelor of Arts-prófi í Sálfræði

Leiðbeinandi
Kjartan Ólafsson

Sálfræðideild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Akureyri, maí 2021

Titill: Áhyggjur foreldra vegna skjánotkunar barna
12 eininga lokaverkefni sem er hluti af Bachelor of Arts-prófi í Sálfræði

Höfundarréttur © 2021 Malen Björg Jónsdóttir og Sólveig Helga Hjarðar
Öll réttindi áskilin

Sálfræðideild
Hug- og félagsvísindasvið
Háskólinn á Akureyri
Sólborg, Norðurslóð 2
600 Akureyri

Sími: 460 8000

Skráningarupplýsingar:

Malen Björg Jónsdóttir og Sólveig Helga Hjarðar, 2021, B.A. verkefni, sálfræðideild, hug-
og félagsvísindasvið, Háskólinn á Akureyri, 36 bls.

Egilsstaðir, maí, 2021

Útdráttur

Skjánotkun hefur aukist til muna síðustu áratuginna í takt við samfélagið og framþróun í tækni. Flest börn og unglingar á grunnskólaaldri eiga sitt eigið snjalltæki og er notkun þess oft ótakmörkuð. Foreldrar og forráðamenn hafa áhyggjur af þessari þróun og hafa skjáviðmið verið sett í kjölfarið til að upplýsa foreldra um tíma og hættur sem geta fylgt skjánotkun. Markmið rannsóknarinnar er að skoða hverjar eru helstu áhyggjur foreldra, hverjar eru helstu áhyggjur þeirra varðandi skjánotkun barna og hvort að áhyggjur foreldra séu misjafnar eftir kyni, aldri, tekjum, menntun og einnig áhyggjur varðandi að börnin verji of miklum tíma á netinu, séu of mikið í símanum og séu of mikið í tölvuleikjum. Gögnum var aflað úr könnun EU Kids Online Norway frá árunum 2017 - 2018. Þátttakendur voru 1001 börn og unglingar á aldrinum 9 - 17 ára. Helstu niðurstöður eru að foreldrar hafa að jafnaði umtalsverðar áhyggjur varðandi börnin sín. Það kom í ljós að foreldrar höfðu mestar áhyggjur af því að börn þeirra gætu lent í umferðarslysi og minnstu áhyggjur af áfengi og fíkniefnum. Einnig höfðu foreldrar mestar áhyggjur af því að barnið þeirra myndi upplifa neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra út frá netnotkun. Foreldrar 40 ára og yngri höfðu meiri áhyggjur en hinir aldurshóparnir tveir þegar kom að skjánotkun barna þeirra. Konur hafa meiri áhyggjur af netnotkun en karlar. Foreldrar sem hafa miklar áhyggjur af börnunum sínum hafa einnig miklar áhyggjur varðandi netnotkun þeirra. Þeir foreldrar sem hafa miklar áhyggjur af netnotkun hafa auk umtalsverðar áhyggjur varðandi það að börnin þeirra noti símann of mikið og spili tölvuleiki of mikið.

Lykilhugtök: Skjánotkun, börn og unglingar, áhyggjur foreldra, nethættur

Abstract

Screen use has increased significantly in recent decades in line with society and the development of technology. Most children and teenagers of primary school age have their own screen device and it is often used indefinitely. Parents and guardians are worried about this development and screen criteria have been set as a result to inform parents about the time and risks that may accompany screen use. The aim of the study is to examine what are the main worries of parents regarding children's screen use and whether parents' worries vary according to gender, age, income, education and if they spend a lot of time in front of screens. Data were collected from the EU Kids Online Norway survey from 2017 - 2018. The participants were 1001 children and adolescents aged 9 - 17 years. The main results are that parents are significantly worried about their children and screen use. Regarding parents' worries, it was found that parents were most worried about their child being involved in a traffic accident and least concerned about alcohol and drugs. Regarding worries of Internet use, parents were most concerned that their child would experience a negative impact on their self-esteem. Parents aged 40 and younger were more worried than the other two age groups when it came to their children's screen use. Women are more concerned about internet use than men. Parents who are very overall worried about their children are also very worried about their internet use. Those parents who are very worried about internet use are also significantly worried about their children using the phone too much and playing video games too much.

Key words: Screen use, children and adolescents, parents worry, internet risks

Þakkarorð

Við viljum þakka leiðbeinanda okkar Kjartani Ólafssyni fyrir góða leiðsögn og fyrir að vera til staðar fyrir okkur allar stundir sólarhringsins. Við viljum þakka Viðari Jónssyni fyrir yfirlestur verkefnisins og Tinnu Halldórsdóttur fyrir góðar ábendingar í gegnum árin. Einnig viljum við þakka mökum, börnum og fjölskyldum okkar fyrir ómældan stuðning og endalausa þolinmæði. Við hefðum ekki geta gert þetta án ykkar.

Efnisyfirlit

Inngangur.....	1
Skjáviðmið og upplýsingaflæði.....	2
Áhyggjur foreldra	3
Samfélagsmiðlar og aldurstakmörk	4
Persónuupplýsingar og börn á netinu.....	5
Neteinelti.....	6
Stafrænt kynferðisofbeldi og ókunnugir á netinu.....	6
Netglæpir.....	7
Áhyggjur foreldra varðandi sjálfsmynd barna.....	7
Áhyggjur foreldra og tölvuleikir	8
Aðferð.....	10
Pátttakendur	10
Mælitæki	10
Framkvæmd.....	10
Tölfræðileg úrvinnsla.....	11
Niðurstöður	12
Umræða.....	21
Heimildaskrá	25

Töfluyfirlit

Tafla 1. Yfirlit yfir áhyggjur foreldra	12
Tafla 2. Yfirlit yfir áhyggjur foreldra varðandi skjánotkun.	13
Tafla 3. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum „Hefur þú áhyggjur af því að barnið noti netið of mikið?“	14
Tafla 4. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum „Varðandi barnið þitt, hvert af eftirfarandi atriðum hefur þú miklar áhyggjur af, ef einhverjum?.....	16
Tafla 5. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum „Varðandi internet notkun barnsins þíns, hefur þú áhyggjur af eftirfarandi..?	17
Tafla 6. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum „Hefur þú áhyggjur af því að barnið noti netið of mikið?“ og áhyggjur foreldra.	18
Tafla 7. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum „Hefur þú áhyggjur af því að barnið noti netið of mikið?“ og áhyggjur foreldra varðandi skjánotkun	18
Tafla 8. Nota netið of mikið og áhyggjur foreldra.....	19

Inngangur

Skjánotkun hefur aukist til muna síðustu áratuginna í takt við samfélagið og framþróun í tækni. Flest börn og unglingar á grunnskólaaldri eiga sitt eigið snjalltæki og er notkun þess oft ótakmörkuð. Foreldrar og forráðamenn hafa áhyggjur af þessari þróun og hafa skjátímaviðmið verið sett í kjölfarið til að upplýsa foreldra um tíma og hættur sem geta fylgt notkuninni (Embætti landlæknis, 2021). Foreldrar og samfélagið allt hefur ekki verið undirbúið nægilega vel undir þessa hröðu þróun og þær afleiðingar sem þær geta haft (Tsitsika o.fl., 2012). Notkun snjalltækja meðal barna og unglinga hefur verið áberandi í umræðunni undanfarin ár. Skjánotkun samanstendur af sjónvarpsáhorfi, tölvuleikjanotkun, internetnotkun og snjalltækjanotkun (Steingerður Ólafsdóttir, 2017). Skjánotkun er orðin stór partur af daglegu lífi nánast allra barna og unglinga í hinum vestræna heimi. Í kjölfar tækniþróunar og aukins aðgengis má komast á internetið nánast hvar sem er, hvenær sem er. Ungmenni notast í auknum mæli við samskiptamiðla í samskiptum við vini og vandamenn. Sumum ungmönnum finnst auðveldara að eiga í samskiptum á netinu fremur en í eigin persónu og telja netið vera heppilegan vettvang til þess að finna félagslegan stuðning (Hjördís Sigursteinsdóttir o.fl., 2014). Í rannsókn Ridout o.fl. frá árinu 2010 sem gerð var í Bandaríkjunum á skjátíma hjá 2000 börnum á aldrinum 8 – 18 ára kom í ljós að börn verja rúmum 7,5 klukkustundum á dag, sjö daga vikunnar á miðlunum utan skóla. Þetta aukna aðgengi kastar fram spurningum um hvaða áhrif minnkandi samskipti í raunheimi geta haft á samskiptahæfni barna og unglinga (Uhlis o.fl., 2014).

Þrátt fyrir að skjánotkun sé orðin stór hluti af lífi hvers fjölskyldu virðast foreldrar og samfélagið leggja megin áherslu á hættuna sem því fylgir í stað þess að meta þá gagnsemi sem henni getur fylgt (Blum-Ross og Livingstone, 2016). Það er þó mikilvægt fyrir okkur að skilja hræðslu og áhyggjur foreldra og þá umræðu sem skapast hefur í samfélaginu um skjátíma barna, þar sem slíkar áhyggjur eru afleiðingar þess að foreldrar takmarka tíma barna sinna fyrir framan skjáinn (Nelson, 2020). Langtímaáhrif af notkun tækjanna er þó lítið rannsökuð enda fremur nýlegt fyrirbæri fyrir rannsakendur og erfitt að finna út beinar orsakir og afleiðingar (Houghton o.fl., 2015, Ribner og McHarg, 2021).

Í þessari ritgerð verður greint frá áhyggjum foreldra varðandi börn þeirra og áhyggjum þeirra varðandi skjánotkun. Rýnt verður í gögn EU Kids Online, fjölþjóðlega rannsókn á árunum 2017 - 2018 sem var unnin í Noregi á netnotkun barna. Áhyggjur foreldra varðandi börnin sín og áhyggjur þeirra varðandi skjánotkun þeirra verða sérstaklega

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNOTKUNAR BARNA

skoðaðar í sambandi við aldur foreldra, menntun þeirra, tekjur, kyn þeirra og kyn barnsins þeirra.

Megin ástæðan fyrir rannsóknarefninu er sífelld aukning á umtali varðandi skjánotkun barna og þær hættur sem því fylgja. Áhyggjur foreldra og samfélagsins í heild er að aukast varðandi stafræna notkun og umtal varðandi það orðið mun meira þá sérstaklega hvað varðar tímamörk sem foreldrar virðast eiga að setja börnunum sínum.

Skjáviðmið og upplýsingaflæði

Hvaðan fáum við upplýsingar og leiðbeiningar varðandi skjánotkun barna? Embætti landlæknis, Umboðsmaður barna, Barnaheill, Heilsugæslan, Heimili og skóli og SAFT (Samfélag, fjölskylda og tækni) gáfu út viðmið um skjánotkun fyrir börn og unglinga árið 2019. Komu þau í kjölfar ítrekaðra fyrirspurna foreldra og ákalli frá fagaðilum um slík viðmiði. Með viðmiðunum er lögð áhersla á jákvæða og uppbyggilega umgengni við tæknina og eru því stuðningur fyrir foreldra (Umboðsmaður barna, 2018). Niðurstaðan var sú að miða skjátíma barna ekki við tímatakmarkanir enda sýni rannsóknir að það sem börn gera í skjátækjum skipti meira máli en hversu lengi þau eru í þeim, en þar er þó ekki vísað í rannsóknir (Umboðsmaður barna, 2018). Viðmiðunum er skipt upp í þrjá flokka: Skjáviðmið fyrir 0 - 5 ára, fyrir 6 - 12 ára og fyrir 13 - 18 ára. Skjáviðmiðum fyrir börn yngri en 5 ára er aldursskipt í tvo hluta: Ungabörn 0 - 18 mánaða og ung börn 18 mánaða til 5 ára. Mælst er til þess að sleppa alfarið skjátíma fyrir börn yngri en 18 mánaða að undanskildum myndbandssímtölum við ættingja og vini. Takmarka skal eftir bestu getu skjátíma hjá börnum 18 mánaða til 5 ára (Umboðsmaður barna, 2019). Viðmiðin hafa það að markmiði að draga úr skaðlegum áhrifum skjánotkunar á grunnþarfi barna sem eru svefn, hreyfing, hreinlæti og næring. Foreldrar eiga að vera fyrirmyndir barna sinna og þurfa því að setja gott fordæmi varðandi skjánotkun. Foreldrar geta styrkt og eftt börnin sín til jákvæðrar skjánotkunar með því benda á uppbyggilegt og lærdómsríkt skjáefni og virt aldurstakmörkin sem eru fyrir samfélagsmiðla og tölvuleiki. Sérstaklega skal gætt að því að foreldrar og börn fái samverustundir og að skjánotkun bitni ekki á heimalærdómi. Auk þess eigi foreldrar að fylgjast náið með því hvort að börn þeirra sýni einkenni kvíða, depurðar, lækkað geðslags eða fái skapsveiflur. Slík einkenni geti sterklega bent til þess að foreldrar eigi að hafa áhyggjur af netnotkun barna sinna (Embætti landlæknis, 2021).

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÖTKUNAR BARNA

Bandaríska barnalækna akademían (AAP) mælist til þess að börn yngri en 18 mánaða fái engan skjátíma, að undanskildum myndbandssímtölum við ættingja. Börn á aldrinum 18 til 24 mánaða skuli fá takmarkaðan skjátíma undir eftirliti foreldra, einblína skuli á efni sem er uppbyggjandi, fræðandi og örvandi. Snjalltæki séu ekki og eigi ekki undir neinum kringumstæðum að vera barnfóstra. Börn eldri en tveggja ára eigi ekki að verja lengri tíma en klukkustund á dag fyrir framan skjáinn og skal efnið vera fræðandi og örvandi. Mælt er til þess að efnið sé valið í samráði við foreldra. Engin skjátími á að vera í boði á meðan máltíðum stendur og ekki í að minnsta kosti klukkustund fyrir svefn (American Academy of Pediatrics, 2016). Í rannsókn sem gerð var á kanadískum börnum kom í ljós að 13% af þeim börnum sem eyddu tveimur eða fleiri klukkustundum daglega fyrir framan skjá voru með aukin hegðunarvandamál um fimm ára aldur. Þau áttu erfiðara með að einbeita sér heldur en börn sem eyddu 20 mínútum eða minna daglega fyrir framan skjáinn (Tamana o.fl., 2019). Óhófleg skjánötkun barna getur leitt til offitu, svefnleysis, ýgi og annarra hegðunarvandamála og því er mikilvægt að virða þau viðmið sem gefin eru (American Academy of Pediatrics, 2020). Í rannsókn Ekris o.fl. árið 2016 um kyrrsetu og áhættuþætti hennar voru niðurstöður að samband er á milli mikillar skjánötkunar og offitu og fleiri heilsufarsvandamála. Þó eru ekki margar rannsóknir sem hafa skoðað tengsl milli offitu og notkunar á skjátækjum og sýna sumar þeirra tengsl þar á milli og aðrar ekki (Schmidt o.fl., 2012).

Barnalæknaskólinn í Bretlandi (The Royal College of Paediatrics and Child Health) sér um þjálfun sérfræðinga í barnalækningum í Bretlandi. Þeir settu viðmið varðandi skjánötkun barna og eru þau viðmið án tímalengdar enda telja þeir að ekki sé fullsannað að mikil skjánötkun sé yfir höfuð skaðleg börnum. Þeim finnst vandasamt að búa til skjáviðmið fyrir börn og unglinga þar sem frekari rannsókna um áhrif þess sé ábótavant. Þess í stað er farin sú leið að aðstoða fjölskyldur að móta sér og sínum sínar eigin reglur sem hentar þeim varðandi skjánötkun með áherslu á grunnþarfir barnsins: svefn, næringu og samverustundir fjölskyldunnar (The Royal College of Paediatrics and Child health, e.d.).

Áhyggjur foreldra

Við höfum þann hæfileika að geta hugsað um framtíðina og að hugsa fram í tímann getur hjálpað okkur að takast á við þær hindranir og vandamál sem geta komið upp í okkar daglega lífi. Hins vegar geta of miklar áhyggjur leitt til þess að við finnum fyrir kvíða, við förum að

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNOTKUNAR BARNA

Ímynda okkur það versta sem gæti gerst og að við trúum því að við getum ekki tekist á við vandann (Whalley og Kaur, 2020). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum skilgreinir áhyggjur sem ótta um eitthvað eða kvíði (e.d.). Í orðabók Oxford háskóla er hugtakið áhyggjur (e. worry) skilgreindar sem að hugsa um óþægilega hluti sem geta gerst eða um önnur vandamál (Oxford Advanced Learner's Dictionary, e.d.). Þegar kemur að áhyggjum hafa rannsóknir leitt í ljós að fólk breytir hegðun sinni eftir því hvernig það skynja hættur en þær geta verið fjarstæðukenndar. Fólk skynjar hættur eða áhyggjur sem eru fjarstæðukenndar líkt og raunsæar hættur (Renn og Klinke, 2001). Þrátt fyrir þá staðreynd að foreldrar nota sjálfir í auknum mæli stafræna tækni hafa áhyggjur þeirra beinst fremur að stafrænni notkun barna sinna. Samkvæmt Boyd og Hargittai (2013) skiptast áhyggjur foreldra varðandi skjánotkun barna sinna yfirleitt í tvennt. Hræðsla um að börnin verði útsett fyrir klámfengnu efni eða tælingu og hræðsla um að þau fari sér að voða og valdi skaða á kostnað annarra. Í rannsókn frá árinu 2011 kemur fram að flest ef ekki öll börn upplifa einhvers konar hættur á netinu og sýna áhættusama hegðun (Livingstone o.fl., 2011). Niðurstöður skýrslu frá Pew rannsóknarsetrinu frá árinu 2020 voru að 71% foreldra barna yngri en 12 ára höfðu áhyggjur af tímanum sem þau eyddu fyrir framan skjáinn og 31% foreldra höfðu miklar áhyggjur (Auxier o.fl., 2020). Foreldrar 50 ára og eldri (71%) sögðu að uppeldi væri erfiðara í dag en fyrir tveimur áratugum vegna stafrænnar tækni. Útbreiðsla og aukin notkun stafrænna miðla hjá börnum veldur foreldrum áhyggjum um öryggi þeirra fyrir framan skjáinn. Hvernig sem það varðar það að ókunnugir hafi samband í gegnum netið, börnin sjái kynferðislegt eða ofbeldistengt efni, að þau leggi í neteinelti eða verði fyrir neteinelti (Boyd og Hargittai, 2013). Tæknin býður uppá óteljandi uppbyggjandi möguleika fyrir börn en samt sem áður hafa foreldrar, kennarar og heilbrigðisstarfsfólk áhyggjur (Winther, 2017). Helstu birtingamynd þess að foreldrar séu með áhyggjur af börnunum sínum er að setja þeim takmarkanir og reglur, vera frekari þátttakendur í lífi þeirra eða reyna að fræða þau um áhættur sem eru til staðar (Boyd og Hargittai, 2013).

Samfélagsmiðlar og aldurstakmörk

Miðlar geta haft ýmsar skuggahliðar og innihaldið skaðlegt efni sem getur haft slæm áhrif á þroska barna (Fjölmiðlanefnd, SAFT og Heimili og skóli, 2018). Ýmist efni er þó aldursmerkt og er tilgangur þeirra merkingar að skilgreina þann aldurs og/eða markhóp sem viðkomandi efni er ætlað fyrir. Sjái börn myndefni sem ekki er ætlað þeirra þroska getur það valdið þeim

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÓTKUNAR BARNA

ótta og óþægilegum tilfinningum. Aldursviðmið eru því sett á efni sem getur valdið börnum ótta, efni sem sýnir gróft ofbeldi eða kynferðisofbeldi, efni sem sýnir kynlíf, efni sem sýnir neyslu vímuefna og efni sem sýnir fram á fordóma eða hvers konar misrétti (Fjölmiðlanefnd, SAFT og Heimili og skóli, 2018). Samfélagsmiðlar eru flestir, ef ekki allir með aldurstakmörk og miða þeir flestir við 13 ára aldur (Harper, 2020). Þessi aldurstakmörk eru þó ekki strangari en svo að ungmenni komast mjög auðveldlega fram hjá þeim, með því einfaldlega að segja ósatt um aldur sinn (Livingstone o.fl., 2011). Rannsóknir á áhættuhegðun barna og unglinga hafa sýnt fram á að fræðsla og forvarnir auka þekkingu þeirra til muna en hegðun þeirra breytist þó ekki (Steinberg, 2004). Skilningur barna á viðeigandi hegðun á netinu með tilliti til netöryggis og persónuverndar var handahófskenndur. Þau skilja að þau eiga ekki að senda myndir af sér til ókunnuga, en í ákveðnum aðstæðum þótti þeim sjálfsagt að deila myndskaiðum af sér á hina ýmsu samfélagsmiðla og tala við ókunnuga í leikjasamfélögum (Bhroin og Rehder, 2018).

Persónuupplýsingar og börn á netinu

Áhyggjur foreldra virðast einnig beinast að því að börnin þeirra deili persónuupplýsingum á samfélagsmiðla en notkun samfélagsmiðla gerir utanaðkomandi aðilum auðvelt fyrir að komast í ýmis konar upplýsingar frá börnum án þess að foreldrar taki eftir því eða samþykki (Lwin o.fl., 2008). Niðurstöður rannsóknar Livingstone o.fl. (2011) sýna að þriðjungur evrópskra barna á aldrinum 9-12 ára á Facebook aðgang. Þessi hópur er mun líklegri en aðrir aldurshópar til þess að hafa aðganginn sinn opinn, meira en fjórðungur þess aldurshóps var með opinn aðgang. Fimmtungur þeirra barna sem voru með opinn aðgang höfðu gefið upp heimilisfang og/eða símanúmer. Það er helmingi hærra hlutfall en hjá börnum sem voru með lokaðan aðgang. Börn sem voru með opinn aðgang voru því helmingi líklegri til þess að gefa upp persónuupplýsingar en þau börn sem höfðu aðgang sinn lokaðan. Þau virðast þó ekki hafa áhyggjur af því að verja einkalíf sitt gegn stórfyrirtækjum eða stjórnvöldum heldur er þeim mikilvægara að vernda friðhelgi sína gagnvart fjölskyldu og öðrum ungmennum (Adorjan og Ricciardelli, 2019). Því er mikilvægt að upplýsa börn um þær hættur sem geta leynst á samfélagsmiðlum. Ekki er síður mikilvægt að impra á því að hafa síður á samfélagsmiðlum læstar fyrir utanaðkomandi aðilum og takmarka þær persónuupplýsingar sem þau deila inn á sínar síður (Dredge o.fl., 2014).

Neteinelti

Þrátt fyrir að flest börn og ungmenni eigi góð og jákvæð samskipti í gegnum stafræna miðla hefur neteinelti vakið áhyggjur meðal foreldra, kennara og stjórnvalda (Talwar o.fl., 2014). Neteinelti er það einelti sem á sér stað á stafrænum miðlum hvort sem það er í farsímum eða á netinu. Hegðunin er árásgjörð, vísvitandi og síendurtekin framin af einstakling eða hópi og er vettvangur þeirra fyrir einelti internetið (Dredge o.fl., 2014). Neteinelti getur þó verið ómeðvitað hjá börnum þar sem þau skilja oft ekki muninn á gríni og því að skaða tilfinningar annarra vísvitandi (Prensky, 2001). Birtingarmyndir neteineltis geta verið margvísilegar: deiling á myndefni, niðrandi skilaboð, deila viðkvæmum persónuupplýsingum, hakka sig inná samfélagsmiðla eða uppsetning á haturssíðum með þeim eina tilgangi að niðurlægja þolandann (Cross o.fl., 2009). Niðurstöður úr rannsókn sem gerð var í Bandaríkjunum á árinu 2019 hjá börnum á aldrinum 12 – 17 ára kom fram að tíðni neteineltis er um 37% meðal ungmenna en það er munur á milli kynja. Stelpur eru líklegri til þess að verða fyrir neteinelti heldur en strákar (Patchin, 2019). Afleiðingar af neteinelti geta verið margþættar, þolandi finnur fyrir útskúfun og einangrar sig félagslega. Hann upplifir mannorð sitt skaðað og er með lítið sjálfsálit. Þolendur neteineltis upplifa líkamlegan og tilfinningalegan skaða, geta sýnt sjálfskaðandi hegðun og verstu tilfelli geta endað með sjálfsvígi (Talwar o.fl., 2014). Samkvæmt rannsókn Smith o.fl. (2008) voru þátttakendur sem höfðu lent bæði í einelti og neteinelti beðnir um að meta áhrif neteineltis miðað við einelti sem þau verða fyrir í skólanum. Niðurstöðurnar voru að þegar að myndir, myndbönd og símtöl voru notuð gegn þeim á netinu hafði það mun meiri áhrif á þolendur.

Stafrænt kynferðisofbeldi og ókunnugir á netinu

Stafrænt kynferðisofbeldi er einnig þekkt sem hefndarklám eða hrelliklám. Samkvæmt rannsókn Madigan o.fl. (2018) meðal 110.380 barna undir 18 ára höfðu 27,4% þátttakanda fengið senda kynferðislega mynd og höfðu 12% þeirra áframsent þá mynd án leyfis viðkomandi. Samkvæmt könnun Bates (2015) um kynferðislega nethegðun ungs fólks í Bandaríkjunum sýna niðurstöður að 67% stráka hafa sent smáskilaboð af kynferðislegum toga og um 71% stelpna. Í stjórnarsáttmála Íslensku ríkisstjórnarflokkana er notast við hugtakið stafrænt kynferðisofbeldi, þó að hugtakið hafi ekki verið skilgreint með lagalegu hætti á Íslandi. Lýsir hugtakið því atferli að dreifa stafrænt og án heimildar eða vitundar fórnarlambins mynd eða myndefni af þolanda sem er annaðhvort nakinn eða í

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÓTKUNAR BARNA

kynferðislegum stellingum í þeim tilgangi að valda honum tjóni. Með orðinu nekt er átt við að einstaklingur er án klæða, nakin og/eða sýnir hold sem hann myndi undir venjulegum kringumstæðum ekki gera (Stjórnarráð Íslands, 2020). Hugtakið gildir jafnt yfir myndir, myndefni, hljóðefni og skrifaðan texta sem eru vísitandi send opinberlega og viðkomandi ekki gefið leyfi fyrir upptökunni sjálfri og/eða dreifingu efnisins (Stígamót, 2021).

Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna ver hagsmuni barna. Þar kemur skýrt fram að aðildarríkjum beri skylda til að vernda öll börn frá hverskonar líkamlegu og/eða andlegu ofbeldi (Barnasáttmálinn, 1992). Öll myndbirting af börnum, þar sem þau eru sett fram eða sýnd á kynferðislegan eða ögrandi máta er brot á rétti þeirra og lögum. Öll varsla, framleiðsla, útbreiðsla, sala og skoðun á slíku efni er brot á lögum (Saft, e.d.).

Barnagirnd eða barnahneigð er skilgreind sem sjúkdómur/röskun samkvæmt American Psychiatric Association (2013). Einstaklingar með slíka greiningu eru haldnir kynferðislegum löngunum gagnvart börnum sem eru ekki orðin kynþroska. Nettæling (e. Online grooming) veldur foreldrum áhyggjum. Nettælingar fela í sér að fullorðinn einstaklingur setur sig í samband við barn á netinu og nýtir sér yfirburði sína og aðstæður þess til þess að byggja upp trúnað og traust. Viðkomandi er með kynferðislega tilburði, bæði líkamlega og með orðum á netinu með því að deila kynferðislegu efni af sér eða biðja um kynferðislegt efni af barninu (Santisteban o.fl., 2017).

Netglæpir

Netglæpir eru af ýmsum toga. Þar sem börn og unglingar eru sífellt virkari þátttakendur í hinum stafræna heimi er mikilvægt að gera sér grein fyrir að þær upplýsingar sem eru settar á netið er hægt að nota á margvíslegan hátt í ólöglegum tilgangi. Tölvu og net-glæpir eru skilgreindir sem afbrot sem framin eru af einstaklingi eða skipulagðri brotastarfsemi gegn stafrænum kerfum einstaklings eða fyrirtækis. Netglæpamenn nota persónuupplýsingar í þeim tilgangi að auðgast með því að stela eða selja upplýsingar, nýta sér upplýsingar sem skiptimynt, nota þær sem kúgunartæki, sem skemmdarverk eða til þess að ná fram hefndum á einstaklingum (Ríkislögreglustjóri, 2016).

Áhyggjur foreldra varðandi sjálfsmynd barna

Foreldrar hafa mismiklar áhyggjur með tilliti til aldurs barna og kyns. Foreldrar sem eiga stelpur virðast hafa áhyggjur af félagsstöðu þeirra og sjálfsmynd. Mikill tími á

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÓTKUNAR BARNA

Samfélagsmiðlum virðist þó ekki leiða til þess að börn fái lágt sjálfsálit eða lélegt sjálfsmat þrátt fyrir að mikil tengsl séu þar á milli (Blum-Ross og Livingstone, 2016). Samkvæmt niðurstöðu rannsóknar Trinh o.fl. (2015) var marktækur munur á milli skjátíma og sjálfsmyndar ungra drengja. Drengir sem stunduðu reglulega hreyfingu fundu fyrir neikvæðum áhrifum skjátíma á sjálfsmynd sína. Rannsóknir benda til þess að netsamskipti eigi stóran hlut í því að kvíði er að greinast í síauknum mæli hjá ungmennum. Aukningin virðist tengjast því að ungmenni eru að sjá og bregðast við töluverðum fjölda af stafrænum skilaboðum og túlka þau út frá eigin lífi og þeirra hugmyndum sem þau kunna að hafa um þau sjálf. Slíkt getur verið kvíðavaldandi og verði kvíðinn of mikill getur hann haft áhrif á sjálfsmynd, námsárangur og vinasambönd þeirra. Börn geta upplifað ýmis konar tilfinningar, samanburð við annað fólk, neteinelti, félagslega einangrun og netfíkn (Tomoniko, 2019).

Áhyggjur foreldra og tölvuleikir

Með aukinni notkun barna á hinum ýmsu miðlum hefur hugtakið fíkn verið notað í auknum mæli til þess að lýsa notkuninni og þeim vandamálum sem henni geta fylgt (Sigman, 2017). Árið 2018 var tölvuleikjafíkn (e. Gaming disorder) viðurkennd samkvæmt ICD – 11 greiningarmatinu sem einkenni vegna áráttukenndrar hegðunar vegna mikillar skjánótkunar. Einkenni tölvuleikjafíknar eru að einstaklingur hefur lakari sjálfsstjórn þegar kemur að tölvuleikjaspili, þeir forgangsraða tölvuleikjum fram fyrir aðrar daglegar athafnir og stunda áframhaldandi tölvuleikjaspil þrátt fyrir neikvæðar afleiðingar (WHO, 2018). Óhófleg skjánótkun sem inniheldur ekki tölvuleikjaspil t.d. að vafra um á samfélagsmiðlum þótti ekki hliðstæð þessari röskun og frekari rannsókna þörf (WHO, 2018). Í rannsókn Kutner o.fl., 2008 var niðurstaðan sú að foreldrar virðast ekki hafa áhyggjur af því hvaða tölvuleiki drengir þeirra voru að spila heldur hversu mikill tími fór í tölvuleikjaspil. Þau höfðu áhyggjur af því hver áhrifin yrðu ef að þeir hittu ekki jafnaldra sína. Mikil skjánótkun komi í veg fyrir að ungmennin stunduðu reglulega hreyfingu og hún hefði neikvæð áhrif á félagsfærni þeirra. Auk þess höfðu foreldrar áhyggjur af því að þau gætu ekki fylgst nógu vel með hvað börnin væru að gera í tölvunni. Dæmi er um að öfgahópar sem deila hatursorðræðu á milli reyni að finna unga stráka á internetinu til að ganga til liðs við hópinn (Steindór Grétar Jónsson, 2019). Slíkar fréttatilkynningar geta átt þátt í að ýta undir áhyggjur foreldra á skjánótkun barna og ungmenna.

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNOTKUNAR BARNA

Tilgangur rannsóknarinnar er að nota gögn frá spurningakönnuninni EU Kids Online sem framkvæmd var 2017 - 2018 í Noregi til að skoða hverjar eru helstu áhyggjur foreldra og hverjar helstu áhyggjur þeirra eru varðandi skjánotkun barna. Rýnt verður í hvort að áhyggjur foreldra séu breytilegar eftir kyni þeirra, aldri, tekjum, menntun, kyni barns þeirra og þeim tíma sem börnin eyða fyrir framan skjátækin.

Eftirfarandi tilgátur eru settar fram:

- 1. Eldri foreldrar hafa meiri áhyggjur en yngri foreldrar varðandi skjánotkun barna sinna.*
- 2. Foreldrar stelpna hafa meiri áhyggjur að skjánotkun hafi áhrif á sjálfsmynd þeirra.*
- 3. Foreldrar stráka hafa meiri áhyggjur af félagslegri einangrun vegna net- og tölvuleikjanotkunar heldur en foreldrar stelpna.*
- 4. Foreldrar sem hafa miklar áhyggjur af börnunum sínum hafa einnig miklar áhyggjur varðandi skjánotkun þeirra.*

Aðferð

Þátttakendur

Þátttakendur í EU Kids Online rannsókninni í Noregi 2017 - 2018 voru 1001 börn á aldrinum 9 - 17 ára og foreldrar þeirra. 521 strákar (52% þátttakenda) og 472 stelpur (47,2% þátttakenda), 8 þátttakendur (0,8% þátttakenda) gáfu ekki upp kyn sitt.

Mælitæki

Í þessari rannsókn verða notaðar tvær spurningar varðandi áhyggjur foreldra og áhyggjur foreldra varðandi skjánótkun barna sem spyrja samtals um 23 atriði. Bakgrunnsbreytur eru um kyn barna og foreldra, tekjur foreldra, aldur þeirra og menntun. Spurningarnar tvær voru annars vegar: „Varðandi barnið þitt, hvert af eftirfarandi atriðum hefur þú miklar áhyggjur af, ef einhverjum?“ Atriðin voru heilsa, fjárhagur, námsárangur, einelti, áfengi/fíkniefni, óæskilegt efni á netinu, ókunnugir á netinu, kynhegðun, fórnalamb glæps, komast í kast við lögin, umferðarslys, deila persónuupplýsingum á netið og hvort barnið komi illa fram við önnur börn á netinu. Svarkostirnir voru já og nei, auk þess var hægt að haka við ég veit ekki eða vil ekki svara. Hins vegar: „Varðandi internet notkun barnsins þíns, hefur þú áhyggjur af eftirfarandi..?“ Atriðin voru klámfengið efni, hatursorðræða, félagsleg einangrun v/netnotkunar, ókunnugir á netinu með kynferðislega tilburði, öfgahópar á netinu, beðin um að senda kynferðislega mynd, skaða mannorð sitt, sjá efni sem hvetur til sjálfskaða, netglæpir og upplifi neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra. Auk þess voru notaðar spurningarnar: „Notar barnið þitt netið of mikið?“, „Spilar barnið þitt tölvuleiki of mikið?“ Og „Notar barnið þitt símann of mikið?“ Svarmöguleikarnir voru já og nei.

Framkvæmd

EU Kids Online er fjölþjóðlegt rannsóknarnet sem er starfandi í yfir 30 löndum og leitast við að auka þekkingu á hegðun evrópska barna á netinu, áhættu sem því getur fylgt og öryggi (Smahel o.fl., 2020). Könnunin var lögð fyrir börn á aldrinum 9 - 17 ára í 19 Evrópulöndum á árunum 2017 - 2019. Gögn frá Noregi voru notuð við þessa rannsókn. Könnunin var framkvæmd af háskólanum í Osló á árunum 2017 - 2018 og var fjármögnuð af dómsmálaráðuneytinu og almannavörnum til að uppfylla stefnu þeirra í forvörnum gegn ofbeldi í nánnum samskiptum (Staksrud og Ólafsson, 2019). Ipsos safnaði gögnum, tók viðtöl og framkvæmdi könnunina. Viðtölin fóru fram heima hjá barni og foreldri þess og var spurningalistanum svarað í spjaldtölvu. Viðtal við barn tók að meðaltali um klukkustund og

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNOTKUNAR BARNA

viðtal við foreldri tók að meðaltali 38 mínútur. Allar spurningarnar voru á norsku bæði fyrir barn og foreldri en skilyrði var að skilja norsku til þess að taka þátt. Börn yngri en 12 ára svöruðu styttri könnun en eldri börnin. Spurningar sem innihéldu kynferðislegt efni voru aðeins fyrir 15 ára og eldri. Öll svör voru nafnlaus, fyllsta trúnaðar gætt og voru þátttakendur upplýstir um það. Spurningalistanum var svarað í einrúmi af barni og foreldri. Í lok viðtalanna var barni og foreldri bent á upplýsingar frá Rauða Krossinum og lögreglunni í Noregi til að tilkynna hættuleg atvik sem geta komið upp á netinu (Ipsos, 2019).

Tölfræðileg úrvinnsla

Tölfræðileg úrvinnsla fór fram í 27. útgáfu tölfræðiforritins SPSS (IBM Corp., 2020). Í upphafi var farið yfir gagnasafnið og lýsandi tölfræði skoðuð með kross-og tíðnitöflum. Breyturnar sem var unnið með voru kyn foreldra, tekjur foreldra, menntun foreldra, nota netið of mikið, spila tölvuleiki of mikið, nota símann of mikið, áhyggjur foreldra og áhyggjur foreldra af netnotkun. Notað var kí-kvaðrat próf til þess að skoða hvort áhyggjur foreldra og áhyggjur þeirra varðandi skjánotkun væru bundnar við kyn þeirra, aldur, tekjur, menntun eða kyn barns þeirra. Einnig var notast við kí-kvaðrat próf til þess að athuga hvort áhyggjur foreldra og áhyggjur þeirra varðandi skjánotkun hefði fylgni við of mikla netnotkun.

Til að skoða áhyggjur foreldra og áhyggjur þeirra varðandi það að nota netið of mikið voru skoðuð tengsl við spurningarnar: „Notar barnið þitt netið of mikið?“, „Notar barnið þitt símann of mikið?“ og „Spilar barnið þitt tölvuleiki of mikið?“ Niðurstöður voru túlkaðar út frá áhrifastærð með viðmiði Cohens d . Samkvæmt viðmiðum Cohens d eru áhrifastærðum skipt í þrjá flokka. Veik áhrif eru mæld undir 0,20, miðlungs áhrif eru 0,50 og sterk áhrif eru 0,80 og yfir (Cohen, 1988).

Þegar áhyggjur foreldra og áhyggjur foreldra varðandi skjánotkun voru skoðaðar út frá aldri þeirra með kí-kvaðratprófi var aldur flokkaður í þrjá hópa: 40 ára og yngri, 41-50 ára og 51 árs og eldri. Menntun foreldra var flokkuð eftir grunnmenntun, framhaldsmenntun, háskólamenntun á grunnstigi og háskólamenntun á framhaldsstigi. Tekjur foreldra voru flokkaðar í þrjá hópa: undir meðaltekjum, meðaltekjur og yfir meðaltekjum. Kyn foreldra og kyn barna voru flokkuð í tvo hópa konur/karlar og stelpur/strákar.

Niðurstöður

Tilgangur rannsóknarinnar var tvíþættur; í fyrsta lagi að skoða áhyggjur foreldra og áhyggjur þeirra varðandi skjánotkun út frá kyni þeirra, menntun, aldri, tekjum og kyni barns þeirra. Í öðru lagi að skoða hvort að foreldrar sem hafa áhyggjur af börnunum sínum og áhyggjur af skjánotkun barna sinna hafi einnig áhyggjur varðandi að börnin verji of miklum tíma á netinu, séu of mikið í símanum og séu of mikið í tölvuleikjum. Í töflu 1 má sjá lýsandi tölfræði fyrir spurninguna: „Varðandi barnið þitt, hvert af eftirfarandi atriðum hefur þú miklar áhyggjur af, ef einhverjum?“ Niðurstöður sýndu að foreldrar höfðu mestar áhyggjur af því að barn þeirra gæti lent í umferðarslysi eða rúmlega helmingur, rétt tæplega helmingur hafði áhyggjur af námsárangri, að barnið þeirra gæti lent í ókunnugum á netinu og verði fyrir einelti. Aðeins um 7% höfðu áhyggjur af áfengi og/eða fíkniefnum.

Tafla 1. Yfirlit yfir áhyggjur foreldra

Foreldrar hafa áhyggjur af að þeirra barn...	%
...lenti í umferðarslysi	58
... hitti ókunnuga á netinu	47
...verði fyrir einelti	44
...námsárangur	37
...deili persónuupplýsingum á netið	33
...verði fórnarlamb glæps	33
...sjái óæskilegt efni á netinu	32
...heilsu	31
...komi illa fram við önnur börn	27
...komist í kast við lögin	10
...kynhegðun	9
...fjárhagur	9
...alkóhól/fíkniefni	7

Eins og sjá má í töflu 2 á næstu síðu fyrir spurninguna: „Varðandi internet notkun barnsins þíns, hefur þú áhyggjur af eftirfarandi?“ Hafa foreldrar mestar áhyggjur af því að barnið þeirra upplifi neikvæð áhrif á sjálfsmynd (56%) eða rúmlega helmingur foreldra. Fæstir foreldrar virðast hafa áhyggjur af öfgahópum á netinu (8%).

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNOTKUNAR BARNA

Tafla 2. Yfirlit yfir áhyggjur foreldra varðandi skjánotkun.

Foreldrar sem segjast hafa miklar áhyggjur af að þeirra barn...	%
...upplifi neikvæð áhrif á sjálfsmynd	56
...hitti ókunnuga á netinu með kynferðislega tilburði	37
...sjái klámfengið myndefni	34
...skaði mannorð sitt	34
...beðin um að senda kynferðislega mynd	32
...hatursorðræða	31
...félagsleg einangrun v/netnotkunar	26
...sjá efni sem hvetur til sjálfaskaða	19
...netglæpir	10
...öfgahópar á netinu	8

Lýsandi tölfræði fyrir spurninguna: „Hefur þú áhyggjur af því að barnið noti netið of mikið?“ má sjá í töflu 3. Niðurstöður leiddu í ljós að rúm 53% foreldra sögðust hafa áhyggjur en tæp 47% höfðu ekki áhyggjur af því. Ef sú spurning er skoðuð út frá aldri foreldra kemur í ljós að ekki er marktækur munur á viðhorfum foreldra eftir aldri. Hærra hlutfall foreldra í 40 ára og yngri aldurshópnum (62%) höfðu áhyggjur af of mikilli netnotkun barna sinna en í öðrum aldurshópnum. Svipað hlutfall eða rúmlega helmingur hafði áhyggjur af of mikilli netnotkun í eldri aldurshópnum. Viðhorf foreldra út frá menntun var ekki marktækt. Viðhorf foreldra til netnotkunar út frá tekjum var ekki marktækt samkvæmt kí-kvaðrat. Ef skoðuð eru viðhorf til netnotkunar út frá kyni foreldra kemur í ljós að marktækur munur er á viðhorfum kvenna og karla þar sem konur (57%) hafa meiri áhyggjur af netnotkun barna sinna en karlar (49%). Ef viðhorf til netnotkunar eru skoðuð út frá kyni barns er ekki marktækur munur á viðhorfum foreldra sem eiga stelpur eða foreldra sem eiga stráka.

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÓTKUNAR BARNA

Tafla 3. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum „Hefur þú áhyggjur af því að barnið noti netið of mikið?“

		Já	Nei	χ^2	p
Aldur	40 ára og yngri	62%	38%	5,42	0,067
	41-50 ára	51%	49%		
	51 ára og eldri	54%	46%		
Menntun	Grunnmenntun	46%	54%	1,46	0,692
	Framhaldsskólamenntun	57%	43%		
	Háskólamenntun á grunnstigi	53%	47%		
Tekjur	Háskólamenntun á framhaldsstigi	53%	47%	0,21	0,902
	Undir meðaltekjum	54%	46%		
	Meðaltekjur	53%	47%		
Kyn	Yfir meðaltekjum	54%	46%	5,49	0,019
	Kona	49%	51%		
	Karl	57%	43%		
Kyn barns	Stelpa	53%	47%	1,03	0,597
	Strákur	54%	46%		

Í töflu 4 má sjá spurninguna: „Varðandi barnið þitt, hvert af eftirfarandi atriðum hefur þú miklar áhyggjur af, ef einhverjum?“ Ef spurningin var borin saman við bakgrunnsbreytuna aldur með kí-kvaðrat prófi kemur í ljós að viðhorf foreldra eru marktækt ólík hvað varðar að barnið lendi í ókunnugum á netinu. Yngri foreldrar segjast oftast hafa áhyggjur af því að barnið lendi í ókunnugum á netinu (60%) miðað við foreldra í eldri aldurshópnum. Hvað varðar einelti eru það einnig yngri foreldrarnir sem hafa meiri áhyggjur af því að barnið þeirra verði fyrir einelti eða 56%. Það er marktækur munur á viðhorfum foreldra hvað varðar áhyggjur um það að börnin þeirra komi illa fram við önnur börn, þar eru einnig yngsti aldurshópur foreldra áhyggjufyllstur (37%). Varðandi það að komast í kast við lögin er það elsti aldurshópur foreldra (16%) sem hefur meiri áhyggjur en yngri hóparnir tveir (9%).

Áhyggjur foreldra eru marktækt ólíkar miðað við tekjur þeirra. Foreldrar sem eru undir meðaltekjum hafa meiri áhyggjur af því að barnið þeirra lendi í ókunnugum á netinu eða 53%. Foreldrar undir meðaltekjum hafa meiri áhyggjur af því að barnið sitt verði fyrir einelti (49%) og að barnið sitt deili persónuupplýsingum á netið (36%). Foreldrar undir meðaltekjum og foreldrar með meðaltekjum hafa mestu áhyggjurnar hvað varðar það að sjá óæskilegt efni á netinu (35%) og að börnin þeirra komi illa fram við önnur börn (30%). Foreldrar sem eru undir meðaltekjum hafa meiri áhyggjur af því að börnin þeirra komist í kast við lögin (13%). Varðandi kynhegðun (14%) og fjárhag (19%) eru það einnig foreldrarnir sem eru undir meðaltekjum sem hafa marktækt mestu áhyggjurnar.

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÓTKUNAR BARNA

Menntun foreldra sýndi að marktækur munur var á áhyggjum þeirra. Þeir foreldrar sem höfðu lokið grunnenntun höfðu mestar áhyggjur varðandi heilsu barna sinna eða 50%. Foreldrar sem hafa lokið framhaldsmenntun hafa meiri áhyggjur varðandi námsárangur (51%), áfengi/fíkniefni (10%), sjá óæskilegt efni á netinu (39%), ókunnugir á netinu (60%), að börnin þeirra verði fórnalamb glæps (44%), að börnin myndu komast í kast við lögin (21%), að börnin þeirra myndi lenda í umferðarslysi (72%), að börnin þeirra myndu deila persónuupplýsingum (43%) og að börnin þeirra myndu koma illa fram við önnur börn (37%). Bæði foreldrar með grunnenntun og framhaldsmenntun höfðu töluverðar áhyggjur af fjárhagi (23%). Foreldrar sem höfðu lokið grunnenntun, framhaldsmenntun og háskólamenntun á grunnstigi höfðu áhyggjur varðandi einelti (50%). Foreldrar sem höfðu framhaldsmenntun og þeir sem höfðu háskólamenntun á grunnstigi höfðu mestar áhyggjur af kynhegðun (12%).

Kyn foreldra sýndi að marktækur munur var á áhyggjum varðandi námsárangur en karlar voru áhyggjufyllri eða 41% en konur um 34%. Feður voru einnig áhyggjufyllri varðandi heilsu barnsins eða 35% en mæður 27%. Feður höfðu meiri áhyggjur um að barnið þeirra yrði fórnalamb glæps eða 36% en mæður 29%.

Marktækur munur var áhyggjum foreldra út frá kyni barnsins þeirra varðandi námsárangur en þar voru foreldrar stráka (40%) sem höfðu meiri áhyggjur en foreldrar stelpna (34%). Foreldrar stráka höfðu einnig meiri áhyggjur af því að þeir kæmust í kast við lögin (12%) en foreldrar stelpna (8%). Foreldrar stelpna höfðu meiri áhyggjur af kynhegðun þeirra (10%) en foreldrar stráka (8%).

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÓTKUNAR BARNA

Tafla 4. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum: „Varðandi barnið þitt, hvert af eftirfarandi atriðum hefur þú miklar áhyggjur af, ef einhverjum?“

	Aldur		Tekjur		Menntun		Kyn foreldris		Kyn barns	
	χ^2	p	χ^2	p	χ^2	p	χ^2	p	χ^2	p
Umferðarslys	4,62	0,099	1,72	0,432	28,7	0,001	0,26	0,613	3,35	0,188
Ókunnugir á netinu	11,7	0,003	9,64	0,008	18,6	0,001	0,37	0,542	4,70	0,095
Einelti	11,3	0,003	7,26	0,026	10,9	0,012	0,74	0,389	0,89	0,639
Námsárangur	0,61	0,736	4,72	0,094	25,1	0,001	3,94	0,047	5,87	0,053
Deila persónuupplýs.	0,29	0,867	8,06	0,018	16,4	0,001	1,68	0,195	2,12	0,346
Fórnarlamb glæps	0,27	0,873	3,19	0,202	18,9	0,001	5,23	0,022	4,16	0,125
Óæskilegt efni á netinu	1,07	0,587	7,92	0,026	6,37	0,095	1,01	0,315	4,54	0,103
Heilsa	2,51	0,286	4,41	0,110	20,9	0,001	7,63	0,006	0,72	0,697
Slæm framk v/ önnur b.	8,92	0,012	12,9	0,002	17,6	0,001	1,13	0,288	3,49	0,174
Komast í kast við lögin	6,63	0,036	7,83	0,020	30,7	0,001	0,02	0,891	12,4	0,002
Kynhegðun	0,69	0,708	11,1	0,004	12,1	0,007	0,00	0,982	11,5	0,003
Fjárhagur	4,24	0,120	54,2	0,001	54,3	0,001	0,69	0,407	0,61	0,737
Alkóhól/fíkniefni	5,29	0,071	2,23	0,328	8,12	0,044	0,76	0,39	0,17	0,918

Í töflu 5 má sjá spurninguna: „Varðandi internet notkun barnsins þíns, hefur þú áhyggjur af eftirfarandi?“ Ef spurningin var borin saman við bakgrunnsbreytuna aldur kom í ljós að marktækur munur er á áhyggjum foreldra varðandi skjánótkun og að börnin myndu upplifa neikvæð áhrif á sjálfsmynd sína en yngsti aldurshópurinn hafði mestar áhyggjur eða 66%. Yngsti aldurshópurinn hafði mestar áhyggjur af ókunnugum á netinu (53%) en sá hópur hafði einnig mestar áhyggjur varðandi það að börnin yrði beðin um að senda kynferðislega mynd (37%) og hatursorðræðu (39%). Foreldrar í aldurshópnum 41-50 ára höfðu mestar áhyggjur af því að barnið myndi skaða mannorð sitt á netinu eða 36%.

Áhyggjur foreldra varðandi skjánótkun eru marktækt ólík eftir tekjum þeirra. Foreldrar undir meðaltekjum höfðu mestar áhyggjur af hatursorðræðu eða 36%. Foreldrar undir meðaltekjum höfðu einnig meiri áhyggjur varðandi netglæpi (14%) og öfgahópa á netinu (11%). Foreldrar með meðaltekjur höfðu mestu áhyggjur af því að börnin myndu upplifa neikvæð áhrif á sjálfsmynd eða 60%. Sá hópur hafði einnig áhyggjur af því að börnin yrðu beðin um að senda kynferðislega mynd (35%). Bæði foreldrar undir meðaltekjum (21%) og foreldrar með meðaltekjur (21%) höfðu áhyggjur af því að barnið sjái efni sem hvetur til sjálfskaða.

Menntun foreldra sýndi að marktækur munur er áhyggjum þeirra varðandi skjánótkun. Foreldrar með grunnmenntun höfðu mestu áhyggjurnar varðandi ókunnuga á netinu með kynferðislega tilburði (50%) og netglæpi (43%). Foreldrar með

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÓTKUNAR BARNA

framhaldsmenntun höfðu mestu áhyggjurnar varðandi hatursorðræðu eða 41%. Þeir höfðu einnig mestu áhyggjurnar varðandi öfgahópa á netinu eða 17%. Bæði foreldrar með grunmenntun og framhaldsmenntun höfðu áhyggjur af því að barnið myndi sjá efni sem hvetur til sjálfsskaða (30%).

Kyn foreldra sýndi að marktækur munur var á áhyggjum þeirra varðandi skjánótkun en þar höfðu konur marktækt meiri áhyggjur en karlar. Konur höfðu mestar áhyggjur af því að barnið myndi upplifa neikvæð áhrif á sjálfsmynd (61%) og ókunnuga á netinu með kynferðislega tilburði (40%). Konur höfðu einnig marktækt meiri áhyggjur um klámfengið myndefni (38%), að börnin yrðu beðin um að senda kynferðislega mynd (35%), hatursorðræðu (34%), netglæpi (13%) og öfgahópa á netinu (11%).

Marktækur munur var á áhyggjum foreldra varðandi skjánótkun út frá kyni barnsins þeirra. Foreldrar sem áttu stelpu höfðu mestar áhyggjur varðandi það að þær upplifi neikvæð áhrif á sjálfsmynd eða 63%. Foreldrar stelpna höfðu einnig meiri áhyggjur varðandi ókunnuga á netinu með kynferðislega tilburði (45%), beðin um að senda kynferðislega mynd (41%), klámfengið myndefni (38%) og hatursorðræðu (35%). Foreldrar stráka höfðu mestar áhyggjur af félagslegri einangrun vegna netnotkunar (31%) og netglæpum (13%).

Tafla 5. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum: „Varðandi internet notkun barnsins þíns, hefur þú áhyggjur af eftirfarandi..?“

	Aldur		Tekjur		Menntun		Kyn foreldris		Kyn barns	
	χ^2	p	χ^2	p	χ^2	p	χ^2	p	χ^2	p
Upplifi neikvæð áhrif á sjálfsmynd	9,32	0,009	6,99	0,030	5,43	0,143	11,9	0,001	16,8	0,001
Ókunnugir á netinu með kynferðislega tilburði	23,5	0,001	5,10	0,078	8,06	0,045	4,21	0,040	19,5	0,001
Klámfengið myndefni	4,35	0,114	5,71	0,058	2,51	0,473	7,90	0,005	7,99	0,018
Skaða mannorð sitt	6,06	0,048	4,98	0,083	3,94	0,268	0,38	0,538	0,74	0,692
Beðin um að senda kynferðislega mynd	9,12	0,010	6,34	0,042	7,06	0,070	5,02	0,025	37,7	0,001
Hatursorðræða	6,59	0,037	21,0	0,001	14,9	0,002	3,48	0,062	6,68	0,035
Félagsleg einangrun v/netnotkunar	0,98	0,613	0,73	0,694	3,08	0,379	0,56	0,455	14,1	0,001
Sjá efni sem hvetur til sjálfsskaða	5,49	0,064	8,68	0,013	29,8	0,001	2,49	0,115	1,86	0,396
Netglæpir	2,91	0,234	6,79	0,033	42,2	0,001	6,21	0,013	12,3	0,002
Öfgahópar á netinu	1,54	0,464	6,05	0,048	24,6	0,001	9,80	0,002	1,07	0,585

Í töflu 6 má sjá niðurstöður úr kí-kvaðrat prófi á svörum fyrir spurninguna: „Hefur þú áhyggjur af því að barnið noti netið of mikið?“ og áhyggjur foreldra. Eins og sjá má eru þeir

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNOTKUNAR BARNA

foreldrar sem hafa áhyggjur af mikilli netnotkun marktækt með meiri áhyggjur af öllum neðangreindum atriðum varðandi barnið sitt.

Tafla 6. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum: „Hefur þú áhyggjur af því að barnið noti netið of mikið?“ og áhyggjur foreldra.

	χ^2	p
Umferðarslys	14,829	0,001
Ókunnugir á netinu	26,308	0,001
Einelti	34,232	0,001
Námsárangur	21,780	0,001
Deila persónuupplýsingum á netið	28,718	0,001
Fórnarlamb glæps	13,262	0,001
Óæskilegt efni á netinu	43,774	0,001
Heilsa	26,461	0,001
Komi illa fram við önnur börn	33,148	0,001
Komast í kast við lögin	8,750	0,003
Kynhegðun	22,849	0,001
Fjárhagur	8,039	0,005
Alkóhól/fíkniefni	8,134	0,004

Í töflu 7 má sjá niðurstöður úr kí-kvaðrat prófi á svörum fyrir spurninguna: „Hefur þú áhyggjur af því að barnið noti netið of mikið?“ og spurningar um áhyggjur foreldra á ýmsum atriðum varðandi skjánotkun. Eins og sjá má eru foreldrar sem hafa áhyggjur af of mikilli netnotkun marktækt með meiri áhyggjur af öllum neðangreindum atriðum varðandi barnið sitt.

Tafla 7. Niðurstöður kí-kvaðrat prófs á svörum „Hefur þú áhyggjur af því að barnið noti netið of mikið?“ og áhyggjur foreldra varðandi skjánotkun

	χ^2	p
Upplifa neikvæð áhrif á sjálfsmynd	66,581	0,001
Ókunnugir á netinu með kynferðislega tilburði	21,720	0,001
Klámfengið myndefni	34,729	0,001
Skaða mannorð sitt	38,458	0,001
Beðin um að senda kynferðislega mynd	28,202	0,001
Hatursorðræða	27,534	0,001
Félagsleg einangrun v/netnotkunar	48,315	0,001
Sjá efni sem hvetur til sjálfskaða	38,480	0,001
Netglæpir	8,456	0,004
Öfgahópar á netinu	9,162	0,002

Í töflu 8 má sjá fylgni á milli þess að nota netið of mikið, nota símann of mikið, spila tölvuleiki of mikið, áhyggjur foreldra og áhyggjur foreldra varðandi skjánotkun. Til að túlka niðurstöður var notast við viðmið Cohens d (Cohen, 1988). Niðurstöður voru að sterkasta fylgnin er við það að nota símann of mikið. Þar nær fylgnin því að vera miðlungssterk sé

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÓTKUNAR BARNA

notast við viðmið Cohens ($d=0,614$). Að spila tölvuleiki of mikið ($d=0,350$) var veik til miðlungssterk fylgni við að nota netið of mikið. Bæði atriðin eiga það sameiginlegt að þau tengjast bæði þeim tíma sem fer í skjánótkun. Fylgnin fer frá því að vera miðlungssterk og í það að vera hverfandi í neðri hluta töflunnar. Veik fylgni var við að upplifa eitthvað sem hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra ($d=0,268$), félagsleg einangrun vegna netnotkunar ($d=0,225$), óæskilegt efni á netinu ($d=0,216$), skaða mannorð sitt ($0,202$) og sjá efni sem hvetur til sjálfskaða ($d=0,201$). Nánast engin fylgni var við að foreldrar hafi áhyggjur að börnin noti netið of mikið og að þau verði fórnarlamb glæps, öfgahópar á netinu, komist í kast við lögin, netglæpir, fjárhagur og áfengi/fíkniefni. Það sem þessi atriði eiga sameiginlegt er að þau tengjast flest glæpsamlegu athæfi.

Tafla 8. *Nota netið of mikið og áhyggjur foreldra*

Nota netið of mikið	d
Notar símann of mikið	0.614
Spila tölvuleiki of mikið	0.350
Upplifi eitthvað sem hefur áhrif á sjálfsmynd þeirra	0.268
Félagsleg einangrun v/netnotkunar	0.225
Óæskilegt efni á netinu	0.216
Skaða mannorð sitt	0.202
Sjá efni sem hvetur til sjálfskaða	0.201
Kynferðislegt myndefni	0.193
Einelti	0.190
Komi illa fram við önnur börn	0.187
Deila persónuupplýsingum á netið	0.175
Beðin um að senda kynferðislega mynd	0.172
Hatursorðræða	0.169
Heilsa	0.166
Ókunnugir á netinu	0.166
Kynhegðun	0.155
Ókunnugir á netinu með kynferðislega tilburði	0.152
Námsárangur	0.150
Umferðarslys	0.125
Fórnarlamb glæps	0.118
Öfgahópar á netinu	0.098
Komast í kast við lögin	0.095
Netglæpir	0.094
Fjárhagur	0.092
Áfengi/Fíkniefni	0.092

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNOTKUNAR BARNA

Niðurstöður sýndu að helstu áhyggjur foreldra voru að börnin þeirra lendi í umferðarslysi og hitti eða spjalli við ókunnuga á netinu. Helstu áhyggjur foreldra varðandi skjánotkun voru að þau myndu upplifa neikvæð áhrif á sjálfsmynd þeirra. Varðandi að nota netið of mikið og aldur foreldra kom í ljós að yngstu foreldrarnir höfðu mestu áhyggjurnar. Foreldrar með framhaldsmenntun höfðu einnig mestu áhyggjurnar af mikilli netnotkun. Þeir foreldrar sem voru undir og yfir meðaltekjum höfðu mestar áhyggjur af mikilli netnotkun. Varðandi kyn foreldra og að nota netið of mikið voru það karlar sem höfðu meiri áhyggjur. Foreldrar stráka höfðu einnig mestu áhyggjurnar af því að þeir noti netið of mikið. Niðurstöður fyrir kyn foreldra og að nota netið of mikið var marktækt samkvæmt kí-kvaðrat prófi. Aldur, tekjur, menntun og kyn barns voru ekki marktækar við að nota netið of mikið samkvæmt kí-kvaðrat prófi. Þeir foreldrar sem höfðu áhyggjur af mikilli netnotkun höfðu einnig miklar áhyggjur varðandi almennar áhyggjur og áhyggjur varðandi skjánotkun og var munurinn marktækur samkvæmt kí-kvaðrat prófi við öll atriði. Einnig kom í ljós að þeir foreldrar sem höfðu miklar áhyggjur varðandi að nota netið of mikið höfðu einnig miklar áhyggjur að börnin þeirra séu að eyða of miklum tíma í símanum og séu of mikið í tölvuleikjum.

Umræða

Tilgangur þessarar rannsóknar var að notast við gögn EU Kids Online rannsókninni frá 2018 til þess að skoða áhyggjur foreldra og áhyggjur foreldra varðandi skjánótkun. Notast var við kí-kvaðrat próf og áhrifastærð Cohens til viðmiðunar til þess að leita svara við eftirfarandi tilgátum:

Fyrsta tilgátan var sú að foreldrar í elsta aldurshópnum hafi meiri áhyggjur varðandi skjánótkun en yngri aldurshópurinn. Samkvæmt rannsókn Auxier, Anderson, Perrin og Turner (2020) sögð sjö af tíu foreldrum 50 ára og eldri (71%) að uppeldi væri erfiðara í dag heldur en fyrir tveimur áratugum vegna stafrænnar tækni. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að svo var ekki. Um 62% foreldra í yngsta aldurshópnum höfðu áhyggjur af netnotkun barnanna sinna á meðan helmingur foreldra í tveim elstu aldurshópnum höfðu áhyggjur varðandi skjánótkun barnanna sinna. Yngri foreldrar höfðu einnig marktækt meiri áhyggjur varðandi neikvæð áhrif á sjálfsmynd, ókunnuga á netinu, að barnið fengi senda kynferðislega mynd og hatusorðræðu. Foreldrar í aldurshópnum 41-50 ára höfðu marktækt mestar áhyggjur varðandi það að barnið myndi skaða mannorð sitt. Foreldrar í elsta aldurshópnum höfðu ekki marktækt mestu áhyggjurnar í neinum flokki.

Önnur tilgátan var sú að foreldrar stúlkna hafi meiri áhyggjur varðandi skjánótkun með tilliti til þeirra áhrifa sem skjánótkun hefur á sjálfsmynd þeirra. Tilgátan stóð þar sem foreldrar sem eiga stelpur hafa marktækt meiri áhyggjur að stelpurnar þeirra upplifi neikvæð áhrif á sjálfsmynd sína eða 63%. Niðurstöður Blum-Ross og Livingstone (2016) styðja þær niðurstöður að nokkru leyti þar sem foreldrar stelpna hafa meiri áhyggjur af félagsstöðu þeirra og sjálfsmynd þeirra þó svo að mikil samfélagsmiðlanotkun leiði ekki til þess að börn fái lágt sjálfsálit eða lélegt sjálfsmat þá eru tengsl þar á milli. Foreldrar stelpna höfðu einnig meiri áhyggjur varðandi ókunnuga á netinu með kynferðislega tilburði (45%) og að þær yrðu beðnar um að senda kynferðislega mynd (47%). Niðurstöður úr rannsókn Bates (2015) leiddu í ljós að áhyggjur foreldra eru ekki með öllu óraunhæfar þar sem 67% stráka höfðu send smáskilaboð af kynferðislegum toga og um 71% stelpna.

Þriðja tilgátan var sú að foreldrar stráka hefðu meiri áhyggjur af mikilli félagslegri einangrun vegna net- og tölvuleikjanotkunar en foreldrar stelpna. Sú tilgáta stóðst, foreldrar stráka hafa mestar áhyggjur af félagslegri einangrun vegna netnotkunar eða 31% þeirra. Sú niðurstaða styður við rannsókn Kutner o.fl. (2008). Foreldrar hafa áhyggjur af þeim tíma sem fer í tölvuleikjanotkun hjá drengjum og hvaða áhrif það hefur á félagslega færni þeirra. Þó

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNÓTKUNAR BARNA

fannst ekki marktækur munur á viðhorfum foreldra sem eiga stelpu eða stráka hvað almennar áhyggjur varðar. Foreldrar stráka hafa einnig mestar áhyggjur hvað varðar netglæpi en auknar sögur um öfgahópa sem deila hatursorðræðu á milli sín og til annarra geta átt stóran þátt í að ýta undir áhyggjur foreldra (Steindór Grétar Jónsson, 2019).

Fjórða tilgátan var sú að foreldrar sem hafa miklar áhyggjur af börnunum sínum hafi einnig meiri áhyggjur varðandi skjánótkun. Sú tilgáta stóðst, en áhyggjur foreldra og áhyggjur þeirra varðandi skjánótkun var rannsökuð á tvennan veg með kí-kvaðrat prófi. Niðurstöður kí-kvaðratsprófanna tveggja sýna það að foreldrar sem hafa miklar áhyggjur af börnunum sínum hafa einnig meiri áhyggjur varðandi skjánótkun þeirra. Einnig er ljóst að foreldrar sem hafa áhyggjur varðandi skjánótkun barna sinna hafa meiri áhyggjur af börnunum sínum. Þetta samræmist við niðurstöður Auxier o.fl. (2020) en 71% foreldra barna yngri en 12 ára höfðu áhyggjur af tímanum sem börnin eyddu fyrir framan skjáinn og 31% foreldra höfðu miklar áhyggjur.

Helstu niðurstöður þessarar rannsóknar eru þær að foreldrar hafa umtalsverðar áhyggjur varðandi skjánótkun. Þær rannsóknir sem liggja fyrir varðandi áhyggjur foreldra og áhyggjur þeirra varðandi skjánótkun benda enn fremur til þess að mikilvægt sé að rannsaka málefnið og meðfylgjandi verði tölfræðigögn sem sýni raunverulega hættu þess efnis. Einstaklingar breyta hegðun sinni eftir því hvernig þau skynja hættur þó svo að þær geti verið fjarstæðukenndar (Renn og Klinke, 2001). Fræðsla varðandi skjánótkun er því enn ábótavant þar sem foreldrar eru að óska eftir viðmiðum. Að mati höfunda hræðast foreldrar afleiðingar skjánótkunar þar sem fyrirbrigðið er enn svo nýtt og niðurstöður rannsókna eru ólíkar út frá hvað er verið að mæla. Áhyggjur foreldra varðandi skjánótkun virðast skiptast í tvennt – annars vegar, þau eru hrædd um að börnin sín verði útsett fyrir óviðeigandi efni eða tælingu og hins vegar að börnin fari sér að voða eða valdi skaða á kostnað annarra (boyd og Hargittai, 2013). Þau hafa áhyggjur af því að börn missi félagslega hæfni, upplifi vanlíðan, sinni námi sínu ekki nægilega vel og hreyfi sig minna. Þau skjáviðmið sem heilbrigðisstofnanir og stjórnvöld setja foreldrum varðandi skjánótkun barna eykur áhyggjur þeirra og hræðslu í nútímauppeldi þar sem ekki eru til rannsóknir sem segja okkur svart á hvítu að skjánótkun sé börnum hættuleg. Þrátt fyrir þá staðreynd segir í viðmiðum Landslæknis varðandi skjánótkun barna að sýni þau einkenni um kvíða, depurð, lækkað geðslag/skapsveiflur geti slík einkenni bent til þess að foreldrar eigi að hafa áhyggjur varðandi skjánótkun barna sinna (Embætti landslæknis, 2021). Umræður samfélagsins um hættur á netinu hvetja foreldra enn fremur til

Þess að setja börnum sínum mörk fyrir framan skjáinn (Nelson, 2020). Það er þó hægt að nýta tæknina sér til góðs. Skjánotkun getur verið börnum uppbyggileg, þau geta öðlast nýja þekkingu, átt í samskiptum við félags sína og sinnt sínum áhugamálum án þess að það hafi áhrif á þeirra grunnþarfir. Þó er mikilvægt að foreldrar sýni því raunhæfan skilning að miðlar geta haft ýmsar skuggahliðar og innihaldið skaðlegt efni (Fjölmíðlanefnd, SAFT og Heimili og skóli, 2018). Því er mikilvægt að uppfylla kröfur um netöryggi og fara eftir aldursmerkingum á kvikmyndum, tölvuleikjum og snjallsímaleikjum. Ný tækni varðandi netöryggi gerir foreldrum kleift að fylgjast vel með skjánotkun barna þeirra úr hæfilegri fjarlægð án þess að ráðast inn á þeirra persónulega aðgang. Hættur geta leynst víðsvegar á netinu en börn geta lent í nettælingu, neteinelti, stafrænu kynferðisofbeldi, hatursorðræðu og öfgahópum sem deila áróðri. Því þurfa foreldrar að fylgjast með börnunum sínum og mynda við þau það traust að börnin þori að leita til þeirra ef eitthvað skyldi á bjáta. Höfundar eru sammála um að einnig virðast foreldrar einblína á þann tíma sem börnin verja fyrir framan skjáinn þó svo að tíminn skipti ekki höfuð máli, heldur það sem þau eru að gera í snjalltækinu. Því fer raunverulega ekki saman hvað er varasamt varðandi skjánotkun og því sem foreldrar hafa helst áhyggjur af. Það þótti athyglisvert að sjá að aðeins um 8% foreldra höfðu áhyggjur af áfengi og fíkniefnum en árið 2019 voru 275 einstaklingar í Noregi sem dóu úr of stórum skammti (FHI, 2020). Rúm 50% höfðu áhyggjur af því að barnið þeirra lendi í umferðarslysi en í gögnum frá árinu 2019 frá OECD í Noregi urðu 108 dauðsföll út frá umferðarslysum árin 2018 og 2019 en dauðsföll í umferðinni hafa minnkað um 68% frá árunum 2000 – 2019 (International Transport Forum, 2020). Rannsókn þessi skilur eftir nægilegt rými fyrir frekari athuganir varðandi almennar áhyggjur foreldra, hvaða áhyggjur eru fjarstæðukenndar og hverjar helstu áhyggjur þeirra varðandi skjánotkun barna sinna eru.

Takmarkanir og helstu vankantar þessarar rannsóknar geta falist í möguleikanum á svarskekkju, sniði rannsókna og vangetu til þess að áætla orsakasamband. Deila má um hvort að frumbreytur og fylgibreytur sem notaðar eru úr gagnasafninu séu nægilega góðar til þess að mæla áhrifin sem um var spurt. Spurningalistinn var fremur langur og því hugsanlegt að ungir þátttakendur hafi verið orðnir þreyttir við svörun. Dagsform barna hverju sinni er mun breytilegra en dagsform fullorðinna og því erfitt að miða svörun við líðan þeirra hverju sinni. Túlkun þátttakenda varðandi öfgagildi eru misjöfn og því svara sumir oftast spurningum sem innihalda valmöguleikana „miklar“ eða „engar“ á meðan aðrir forðast slíkt. Með þessari rannsókn er ekki hægt að áætla orsakasamband þar sem þessi rannsóknin kannar einungis

ÁHYGGJUR FORELDRA VEGNA SKJÁNOTKUNAR BARNA

mun á milli hópa. Ekki er með þessari rannsókn hægt að útiloka samsláttarbreytu en sú breyta getur haft áhrif á samband frumbreytu og fylgibreytu. Þær áhyggjur sem spurt var um eru takmarkaður listi, þar sem foreldrar gætu haft enn frekari áhyggjur varðandi aðra þætti skjánotkunar.

Styrkleikar rannsóknarinnar eru fjölbættir. Gagnasafn rannsóknarinnar er ansi víða mikið og úrtak hennar stórt þar sem svör þátttakanda koma víðsvegar frá Evrópu. Það að einungis sé einblínt á svör frá Noregi gerir rannsakendum kleift að auka alhæfingagildi rannsókna sinna þar í landi þegar um svona stórt úrtak er að ræða, það er niðurstöður úr þessari rannsókn er hægt að yfirfara á flest alla nemendur í Noregi á þeim tíma sem gagnasöfnun stóð yfir.

Áhugavert væri að kanna hvort að ákveðnar forvarnir og fræðsla gætu komið í veg fyrir sívaxandi áhyggjur foreldra og uppbyggilega skjánotkun meðal barna. Að mati höfunda er fræðsla gríðarlega mikilvæg bæði fyrir foreldra og fyrir börn og er greinilega ábótavant. Á heildina litið staðfesta niðurstöður þessarar rannsóknar fyrri rannsóknir að einhverju leyti en þó ekki öllu. Rannsóknir varðandi skjánotkun eru tiltölulega nýlegar þar sem stafræn notkun barna verður sífelld meiri með hverju árinu. Því er vert að ítreka áframhaldandi rannsóknir varðandi netnotkun með tilliti til langtímaáhrifa, áhyggjur foreldra og áhyggjur þeirra varðandi netnotkun og fylgjast vel með þróun mála í síbreytilegum tækni heimi.

Heimildaskrá

- Adorjan, M. og Ricciardelli, R. (2019). A new privacy paradox? Youth agentic practices of privacy management despite “nothing to hide” online. *Canadian Review of Sociology*, 56(1), 8–29.
- American Academy of Pediatrics. (2016). *Media and Young Minds*. Pediatrics. <https://pediatrics.aappublications.org/content/138/5/e20162591>
- American Academy of Pediatrics. (2020). *How to Make a Family Media Use Plan*. <https://www.healthychildren.org/English/family-life/Media/Pages/How-to-Make-a-Family-Media-Use-Plan.aspx>
- American Psychiatric Association. (2013). *Diagnostic and statistical manual of mental disorders (DSM-5)* (5th ed.). Arlington, VA: American Psychiatric Publishing.
- Auxier, B., Anderson, M., Perrin, A. Og Turner, E., (2020). *Parenting children in the age of screen*. Pew Research Center. <https://www.pewresearch.org/internet/2020/07/28/parenting-children-in-the-age-of-screens/>
- Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (1992). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins*. <https://www.barnasattmali.is/is/um-barnasattmalann/heildartexti-barnasattmalans>
- Bates, S. (2015). „Stripped“. An Analysis of Revenge Porn Victims’ Lives after Victimization“ (meistararitgerð, Simon Fraser University, Kanada). <https://summit.sfu.ca/item/15668>
- Bhroin, N. N. og Rehder, M. M. (2018). *Digital Natives or Naïve Experts? Exploring how Norwegian children (aged 9-15) understand the Internet*. EU Kids Online.
- Blum-Ross, A. og Livingstone, S. (2016). *Families and screen time: Current advice and emerging research*. Media Policy Project. <http://eprints.lse.ac.uk/66927/1/Policy%20Brief%2017-%20Families%20%20Screen%20Time.pdf>
- Blum-Ross, A. Og Livingstone, S. (2018). The trouble with “screen time” rules. *Digital Parenting. The Challenges for Families in the Digital Age*. https://www.nordicom.gu.se/sites/default/files/kapitel-pdf/16_blum-ross_livingstone.pdf
- boyd, D. og Hargittai, E. (2013). Connected and concerned: Variation in parents’ online safety concerns. *Policy and Internet*, 5(3), 245-269. <https://doi.org/10.1002/1944-2866.POI332>
- Cohen, J. (1988). *Statistical power analysis for the behavioural sciences* (2nd ed.). Hillsdale, NJ: Lawrence Earlbaun Associates.
- Cross, E. J., Richardson, B., Douglas, T. Og Vonkaenel-Flatt, J. (2009). *Virtual violence: Protecting children from cyberbullying*. https://inclusiveteach.com/wp-content/uploads/2016/06/virtual_violence_-_protecting_children_from_cyberbullying.pdf
- Dredge, R., Gleeson, J. og Garcia, X. (2014) Presentation on Facebook and risk of cyberbullying victimisation. *Computers in Human Behavior*, 40, 16–22. doi:10.1016/j.chb.2014.07.035
- Dredge, R., Gleeson, J. og Garcia, X. (2014). Cyberbullying in social networking sites: An adolescent victim’s perspective. *Computers in Human Behavior*, 36, 13-20. doi:10.1016/j.chb.2014.03.026

- Ekris, E. van., Altenburg, T. M., Singh, A. S., Proper, K. I., Heymans, M. W. og Chinapaw, M. J. M. (2016). An evidence update on the prospective relationship between childhood sedentary behaviour and biomedical health indicators: A systematic review and meta-analysis. *Obesity Reviews*, 17(9), 833-849.
- Embætti landlæknis. (2021). *Skjárinn og börnin*.
<https://www.heilsuvera.is/efnisflokkar/throskaferlid/uppeldi-barna/skjarinn-og-bornin/>
- FHI (Folkehelsinstituttet). (2020). *Narkotikautløste dødsfall 2019*.
<https://www.fhi.no/nettpub/narkotikainorge/konsekvenser-av-narkotikabruk/narkotikautloste-dodsfall-2019/>
- Fjölmiðlanefnd, SAFT og heimili og skóli. (2018). *Börn og miðlanotkun*.
<http://www.heimiliogskoli.is/wp-content/uploads/2016/08/B%C3%B6rn-og-mi%C3%B0lanotkun.pdf>
- Harper, P. (2020, 21. janúar). Child's play. *The Sun*.
<https://www.thesun.co.uk/tech/4136922/age-restrictions-facebook-snapchat-twitter-instagram/>
- Hjördís Sigursteinsdóttir, Eva Halapi og Kjartan Ólafsson. (2014). „Ég nota alla lausa tíma sem ég hef”. *Netla*. <https://netla.hi.is/greinar/2014/ryn/008.pdf>
- Houghton, S., Hunter, C.S., Rosenberg, M., Wood, L., Zadow, C., Martin, K. og Shilto, T. (2015). Virtually impossible: limiting Australian children and adolescents daily screen based media use, *BMP Public Health*, 15(5).
- IBM Corp. (2020). IBM SPSS Statistics for Windows, útgáfa 27.0
- International Transport Forum. (2020). *Norway*. Road Safety Data. OECD. https://www.itf-oecd.org/sites/default/files/norway-road-safety.pdf?fbclid=IwAR2qbogOuPiYv3aaQj3xJb5EUY2GERSsEQeG9iNDDb_tHqEWqOVW7TUQIDU
- Ipsos. (2019). *EU Kids Online Technical Report Norway*. University of Oslo, Oslo.
- Íslensk nútímamálsorðabók*. (e.d.). Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
<https://malid.is/leit/%C3%A1hyggjur>
- Kutner, L. A., Olson, C. K., Warner, D. E. og Hertzog, S. M. (2008). Parents' and sons' perspectives on video game play: A qualitative study. *Journal of Adolescent Research*, 23(1), 76-96.
- Livingstone, S., Haddon, L., Görzig, A., og Ólafsson, K. (2011) Risks and safety on the internet: the perspective of European children: full findings and policy implications from the EU Kids Online survey of 9-16 year olds and their parents in 25 countries. EU Kids Online.
- Livingstone, S., Ólafsson, K. og Stakrsrud, E. (2011). Social Networking, age and privacy. EU Kids online.
https://www.researchgate.net/publication/313011851_Social_networking_age_and_privacy
- Lwin, M., Stanalands, A. og Miyazaki, A. (2008). Protecting children's privacy online: How parental mediation strategies affect website safeguards effectiveness. *Journal of Retailing*, 84(2). <https://doi.org/10.1016/j.jretai.2008.04.004>
- Madigan, S., Ly, A., Rash, C.L., Ouytsel, J.V., Temple, J.R. (2018). Prevalence of Multiple Forms of Sexting Behavior Among Youth: A Systematic Review and Meta-analysis. *JAMA Pediatrics*, 172(4), 327-335. <https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/29482215/>
- Oxford Advanced Learner's Dictionary*. (e.d.). <https://www.oxfordlearnersdictionaries.com/>

- Patchin, J. (2019). Cyberbullying Data. <https://cyberbullying.org/2019-cyberbullying-data>
- Prensky, M. (2001). "Digital Natives, Digital Immigrants Part 2: Do They Really Think Differently?". *On the Horizon*, 9(6), 1-6.
<https://doi.org/10.1108/10748120110424843>
- Renn, O. og Klinke, A. (2001). Environmental risks — perception, evaluation and management: Epilogue. *Research in Social Problems and Public Policy*, 9, 275-299.
- Ribner, A., D. Og McHarg, G. (2021). Screens across the pond: Findings from longitudinal screen time research in the US and UK. *Infant Behavior and Development*, 63
- Rideout, J., Roehr, G. og Roberts, F. (2010). *Generation M2: Media in the lives of 8-18 years-old*. Henry J. Kaiser Family Foundation. <https://eric.ed.gov/?id=ED527859>
- Ríkislögreglustjóri. (2016). *Tölvu-og netglæpir, áhættu- og ógnarmat*.
<https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2016/04/lokask%C3%BDrsla-cyber-2016.pdf>
- Samfélag, fjölskylda og tækni, SAFT (e.d.) *Hættur á netinu*. <https://saft.is/born-og-unglingar/haettur-a-netinu/>
- Santisteban, P., Hoyo, J., Alcázar-Corcoles, M. Og Gámez-Guadix, M. (2017). Progression, maintenance, and feedback of online sexual grooming: A qualitative analysis of online predators. *Child Abuse & Neglect*, 80, 203-215
<https://doi.org/10.1016/j.chiabu.2018.03.026>
- Schmidt, M. E., Haine, J., O'brien, A., McDonald, J., Price, S., Sherry, B. og Taveras, E. M. (2012). Systematic review of effective strategies for reducing screen time among young children. *Obesity*, 20(7), 1338-1354. doi:10.1038/oby.2011.348
- Sigman, A. (2017). Screen Dependency Disorders: A new challenge for child neurology. *Journal of the International Child Neurology Association*, 1(1).
<https://doi.org/10.17724/jicna.2017.119>
- Smahel, D., Machackova, H., Mascheroni, G., Dedkova, L., Staksrud, E., Ólafsson, K., Livingstone, S. Og Hasebrink, U. (2020). *EU Kids Online 2020: Survey results from 19 countries*. EU Kids Online. <https://www.lse.ac.uk/media-and-communications/assets/documents/research/eu-kids-online/reports/EU-Kids-Online-2020-10Feb2020.pdf>
- Smith, P., Mahdavi, J., Carvalho, M., Fisher, S., Russell, S. og Tippett, N. (2008). Cyberbullying: its nature and impact in secondary school pupils. *The Journal of Child Psychology and Psychiatry*, 49(4), 376-385. <https://doi.org/10.1111/j.1469-7610.2007.01846.x>
- Staksrud, E. og Ólafsson, K. (2019). Access, use, risks and opportunities. Norwegian children on the Internet. EU Kids Online survey, Norway, 2018. Summary of Results. EU Kids Online and the Department of media and communication, University of Oslo.
- Steinberg, L. (2004). Risk Taking in Adolescence: What Changes, and Why?. *Annals of the New York Academy of Sciences*, 1021(1), 51-58.
<https://nyaspubs.onlinelibrary.wiley.com/doi/epdf/10.1196/annals.1308.005>
- Steindór Grétar Jónsson. (2019, 29. september). Íslenskir nýnasistar lokka „stráka sem eru í sigtinu“ í dulkóðaða netspjallhópa. *Stundin.is* <https://stundin.is/grein/9635/islenskir-nynasistar-lokka-straka-sem-eru-i-sigtinu-i-dulko/?plan=web>
- Steingerður Ólafsdóttir. (2017). Smábörnin með snjalltækin. *Netla*.
https://netla.hi.is/serrit/2017/menntakvika_2017/001.pdf
- Stjórnarráð Íslands. (2020). *Kynferðisleg friðhelgi, Greinargerð til stýrishóps um heilstæðar úrbætur að því er varðar kynferðislegt ofbeldi*.

- https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/ForsAetisraduneytid/Kynfer%C3%B0islegFri%C3%B0helgi_MRB.pdf
- Talwar, V., Gomez-Garibello, C. og Shariff, S. (2014). Adolescent's moral evaluations and ratings of cyberbullying: The effect of veracity and intentuality behind the event. *Computers in Human Behavior*, 36, 122-128. <https://doi.org/10.1016/j.chb.2014.03.046>
- Tamana, S. K., Ezeugwu, V., Chikuma, J., Lefebvre, D. L., Azad, M. B. o.fl. (2019). Screen-time is associated with inattention problems in preschoolers: Results from the CHLD birth cohort study. *PLoS ONE* 14(4).
- The Royal College of Paediatrics and Child Health. (e.d.). *The health impacts of screen time – a guide for clinicians and parents*. <https://www.rcpch.ac.uk/resources/health-impacts-screen-time-guide-clinicians-parents>
- Tomoniko, S. (2019). Anxiety at teenagers' fingertips. *BU Journal of Graduate Studies in Education*, 11(2), 4–11. <https://eric.ed.gov/?id=EJ1230220>
- Trinh, L., Wong, B. og Faulkner, G. (2015). The Independent and Interactive Associations of Screen Time and Physical Activity on Mental Health, School Connectedness and Academic Achievement among Population-Based Sample of Youth. *J Can Acad Child Adolesc Psychiatry*, 24(1), 17-24. [ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4357330/](https://pubmed.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC4357330/)
- Tsitsika, A., Tzavela, E., Mavromati, F. Og EU NET ABD Consortium. (2012). *Research on internet addictive behaviours among European adolescents*. <https://www.west-info.eu/files/Research79.pdf>
- Uhls, Y. T., Michikyan, M. og Morris, J. (2014). Five days at outdoor education camp without screens improves preteen skills with nonverbal emotion cues. *Computers in Human Behaviour*, 39. doi:10.1016/j.chb.2014.05.036
- Umboðsmaður barna. (2018). *Skýrsla umboðsmanns barna 2018*. <https://www.barn.is/media/arsskyrslur/SUB-2018.pdf>
- Umboðsmaður barna. (2019). *Viðmið um skjánótkun barna og ungmenna*. <https://www.barn.is/frettir/vidmid-um-skjanotkun-barna-og-ungmenna-1>
- World Health Organization. (2018). Gaming disorder. *International classification of diseases for mortality and morbidity statistics (11th Revision)*. <https://icd.who.int/browse11/l-m/en>
- Whalley, M. og Kaur, H., (2020). Living with worry and anxiety amidst global uncertainty. <https://www.psychologytools.com/articles/free-guide-to-living-with-worry-and-anxiety-amidst-global-uncertainty/>
- Winther, D. K. (2017). How does the time children spend using digital technology impact their mental well-being, social relationships and physical activity: An evidence focused literature review. Unicef. <https://www.unicef.org/publications/pdf/Children-digital-technology-wellbeing.pdf>